

# Leiðbeiningar um verkefni

---

## 5. HEIMAVERKEFNI KYNNT

Dreifðu heimaverkefnum: *Viðtali við reykingamann, viðtali við fyrrverandi reykingamann og viðtali við reyklusan mann.*

Nemendurnir eiga að láta eins og þeir séu blaðamenn eða vísindamenn sem vilja öðlast betri innsýn í heim reykinga.

Leiðbeindu nemendum um hvernig þeir skuli bera sig að við að taka viðtal.

Lestu spurningarnar upphátt og skýrðu út það sem óljóst er.

**ATH.** Skilafrestur á verkefnum nemenda verður að vera þannig að kennara gefist góður tími til að fara yfir svörin og gera samantekt úr þeim. Kennarinn fer síðan yfir samantektina með nemendum í inngangi að 2. kennslustund.

Í stað þess að kennarinn taki saman niðurstöður er hægt að skipta bekknum upp í hópa í upphafi 2. kennslustundar, þannig að hver hópur skoði ýmist reykingamenn, fyrrverandi reykingamenn eða reyklusu. Ekki gefst þó tími til að fara yfir allar spurningarnar í kennslustundinni heldur er rétt að nemendur einbeiti sér í hópvinnum að þeim spurningum sem eru stjörnumerktar.

Hóparnir kynna síðan niðurstöður sínar til dæmis í mæltu máli eða með einföldum myndritum.

# Heimaverkefni – 1. kennslustund

---

## VIÐTAL VIÐ REYKINGAMANN

Kyn?

Aldur?

Hversu lengi hefurðu reykt?

\* Við hvaða tvær til þrjár aðstæður reykirðu helst?

\* Hverjar eru helstu ástæður þess að þú reykir?

Hversu margar sígarettur reykirðu að jafnaði á dag?

\* Hver var ástæðan til þess að þú byrjaðir að reykja?

\* Er hugsanlegt að ástæðurnar hafi verið fleiri? Hvaða ástæður?

Finnst þér, eftir á að hyggja, að þú hefðir getað uppfyllt óskir þínar með einhverju öðru en reykingum? Hvernig?

Hefurðu einhvern tíma reynt að fá manneskju sem ekki reykir til að prófa? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Hyggstu halda áfram að reykja? Hversu lengi ætlarðu að halda því áfram?

\* Ef þú ákvæðir að hætta að reykja, hver væri þá meginástæðan?



# Heimaverkefni – 1. kennslustund

---

## VIÐTAL VIÐ FYRRVERANDI REYKINGAMANN

Kyn?

Aldur?

Hversu lengi reyktir þú?

Hvenær hættirðu að reykja?

- \* Af hverju vildir þú hætta?
- \* Hvernig finnst þér að vera reyklaus?

Kom það fyrir að þú reyndir að fá einhvern sem ekki reykti til að prófa?

Hvers vegna gerðirðu það? Hvers vegna gerðirðu það ekki?

Kemur það fyrir að þig langi í reyk? Hvað gerirðu þá?

- \* Kemur það fyrir að einhver bjóði þér að reykja? Hvað gerirðu eða segirðu þá, annað en nei?
- \* Áttu einhver góð ráð handa þeim sem vilja standast þrýsting þeirra sem hvetja til reykinga? Hvernig fer maður að því að segja nei?



# Heimaverkefni – 1. kennslustund

---

## VIÐTAL VIÐ REYKLAUSAN MANN

Kyn?

Aldur?

Hefurðu aldrei reykt?

Hvernig finnst þér að vera reyklaus?

- \* Hver er skoðun þín á þeim sem reykja?
- \* Hvers vegna heldurðu að fólk reyki?
- \* Hefur komið fyrir að einhver hafi boðið þér að reykja? Hvernig brástu við?
- \* Áttu einhver góð ráð handa þeim sem vilja standast þrýsting þeirra sem hvetja til reykinga? Hvernig fer maður að því að segja nei?

Hvað heldurðu að þeim gangi til sem reyna að fá aðra til að reykja?

Hvað hefði hugsanlega getað orðið til þess að þú byrjaðir að reykja?

